



Akraneskaupstaður

Barnvænt sveitarfélag júní 2025

Greinargerð eftir úttekt UNICEF vegna viðurkenningar

Endurmat júní 2028

Sveitarfélag:	Akraneskaupstaður
Bæjarstjóri:	Haraldur Benediktsson
Umsjónarmaður verkefnis:	Sólveig Sigurðardóttir og Vigdís Elfa Jónsdóttir
Dagsetning úttektar:	08.05.2025 - 22.05.2025
Matsaðilar UNICEF:	Marín Rós Eyjólfsdóttir Eva Bjarnadóttir Unnur Helga Ólafsdóttir Erna Dagný Hjaltalín
Viðmælendur í úttektarviðtölum:	Ívar Orri Kristjánsson Steinar Adolfsson Sólveig Sigurðardóttir Vigdís Elfa Jónsdóttir Hildigunnur Árnadóttir Liv Aase Skarstad Jónína M. Sigmundsdóttir Dagný Hauksdóttir Haraldur Benediktsson Sandra Björk Freysdóttir Arndís Elfa Pálsdóttir Eydís Glóð Guðlaugs Drífudóttir Sigurður Brynjarsson

Hafnarfjörður, 11. Júní 2025

Úttekt UNICEF á starfsemi Akraneskaupstaðar í tengslum við verkefnið Barnvæn sveitarfélög fór fram á tímabilinu 8. til 22. Maí 2025. Akraneskaupstaður hóf markvissa innleiðingu á lögum um Barnasáttmálann með undirritun samnings við UNICEF á Íslandi og þáverandi félags- og barnamálaráðuneyti í maí 2020. Síðan þá hafa starfsfólk, kjörnir fulltrúar og ungmennaráð sveitarfélagsins staðið sig með þryði og unnið fjölda verkefna í þágu réttinda barna.

Innleiðingarferlið hófst á mati um stöðu réttinda barna á Akranesi, að því loknu setti stýrihópur verkefnisins saman fjölbreytta aðgerðaáætlun sem samanstóð af 17 metnaðarfullum aðgerðum. Allar aðgerðirnar áttu það sameiginlegt að vera réttindum barna til framdráttar ásamt því að tengjast grunnþáttum verkefnisins Barnvæn sveitarfélög. Aðgerðirnar fólu í sér m.a. forvarnaverkefni fyrir foreldra barna í leik- og grunnskólum, réttindafræðslu í skólum, stækkun sleðabrekku og uppsetningu leiktækja fyrir fötluð börn o.fl.. Akraneskaupstað hefur tekist sérstaklega vel að flétta saman innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu réttinda barna og laga um Barnasáttmálann sem hefur verið öðrum sveitarfélögum mikill innblástur.

Af úttektinni þykir ljóst að margir aðilar komu að framkvæmdinni með einum eða öðrum hætti og hefur vinna þeirra allra skipt sköpum og stuðlað að þessum frábæra árangri. En sérstakt hrós eiga verkefnastjórnir Sólveig Sigðurðardóttir og Vigdís Elfa Jónsdóttir skilið fyrir framlag sitt, en það var á þeirra herðum að leiða saman rétta aðila til þess að þessi frábæri árangur gæti náðst. Þá ber einnig að nefna framlag ungmennaráðs Akraneskaupstaðar sem á tímabilinu vann mikla vinnu í tengslum við að stuðla að bættum tækifærum barna til þátttöku og áhrifa í starfsemi bæjarins. Það gerðu þau meðal annars með skipulagningu barnþings, setu í stýrihópi Barnvæns sveitarfélags, úrvinnslu mála o.s.frv. Fulltrúar ungmennaráðs segjast sjálfir upplifa að fleiri mál skili sín inn á borð til þeirra og að á þau sé raunverulega hlustað innan sveitarfélagsins.

Sú árangursríka vinna sem hefur átt sér stað skilar sér í bættu umhverfi og bættum starfsháttum fyrir alla bæjarbúa. Akraneskaupstaður er öðrum sveitarfélögum fyrirmynd og við hjá UNICEF á Íslandi erum stolt af samstarfinu. Strax má sjá ávinning af markvissri vinnu sveitarfélagsins við það að koma réttindum allra barna til framkvæmda og hlökkum við hjá UNICEF á Íslandi til að fylgjast með áframhaldandi þróun í þágu réttinda barna á Akranesi og óskum ykkur innilega til hamingju með áfangann!

Með bestu kveðju, f.h. UNICEF á Íslandi,

Marín Rós Eyjólfsdóttir,
verkefnastýra Barnvænna sveitarfélaga
UNICEF á Íslandi

Aðgerðaáætlun

Til þess að hljóta viðurkenningu UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Aðgerðaáætlun þarf að hafa verið uppfyllt
- Aðgerðir þurfa að hafa verið réttindum barna til hagsbóta

Ef að ekki tekst að uppfylla ákveðnar aðgerðir þarf að setja fram fullnægjandi skýringar fyrir því hvers vegna og mælt er til þess að sett sé fram tímaáætlun um það hvenær þær verði framkvæmdar. Ef að aðstæður eru þannig að einhverjar aðgerðir var ekki unnt að hefja, mælist UNICEF til þess að þær verði hluti af næstu aðgerðaráætlun vegna Barnvæns sveitarfélags. Á Akranesi tókst að framkvæma allar aðgerðir sem settar voru fram í aðgerðaáætlun og hrósar UNICEF sveitarfélaginu fyrir þann frábæra ágangur!

Forsenda þess að úttekt vegna viðurkenningar geti farið fram er að fullnægjandi lokaskýrsla hafi borist, þar sem staða aðgerða kemur skýrt fram ásamt skýringum. Sú skýrsla barst UNICEF í apríl 2025. Eins þarf sveitarfélagið að hafa lokið við framkvæmd aðgerðaáætlunar sem byggir á yfirgripsmiklu stöðumati á réttindum barna innan sveitarfélagsins. Aðgerðaáætlun Akraneskaupstaðar var tilbúin í desember 2024 og innihélt 17 aðgerðir sem voru allar að fullu framkvæmdar á innleiðingartímanum.

Yfirlit yfir aðgerðir sem framkvæmdar voru á þessu tímabili, flokkaðar eftir grunnþáttum *Barnvænna sveitarfélaga*:

Þátttaka barna

- Aðgerð 12: Ungmennaráð Akraness - Markmið aðgerðarinnar var að styrkja starf ungmennaráðsins og móta skýrara verklag fyrir störf þess. Samþykktar voru tillögur ráðsins um breytingar á erindisbréfi þess sem meðal annars kveða á um skipan, starfshætti og hlutverk ráðsins í ljósi áherslna Barnasáttmálans. Breytingarnar hafa stuðlað að aukinni þátttöku ungmenna í opinberri umræðu og ákvörðunartöku.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF hvetur Akraneskaupstað til þess að skoða möguleikann á því að tryggja ungmennaráði áheyrnarfulltrúa í ráðum og nefndum sveitarfélagsins. Í erindisbréfi fyrir ungmennaráð Akraneskaupstaðar er lögð áhersla á að ráðið skuli eiga frumkvæði að málum og með

áheyrnarfulltrúum í ráðum og nefndum eykst upplýsingaflæði til ráðsins sem getur þá frekar kallað eftir því að fá ákveðin mál til umsagnar.

Sbr. 12 gr. Barnasáttmálans er mikilvægt að börn fái tækifæri til þess að tjá sína skoðun á öllum þeim málum sem kunnu að hafa áhrif á líf þeirra og að til þeirrar skoðana beri að taka réttmætt tillit. Því er sveitarfélagið hvatt til þess að tryggja að öll mál sem varða börn og ungmenni séu send til ungmennaráðsins til umsagnar.

- Aðgerð 15: Barna- og ungmennaping - verklag – Fest var í sessi verklag barna- og ungmennapings á Akranesi sem hluta af lýðræðislegri þátttöku barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Ályktanir barnapings hafa skilað sér fyrir öll ráð og nefndir bæjarins og verið samþykktar í bæjarráði. Þannig rata ýmsar hugmyndir frá börnunum í framkvæmd.
- Aðgerð 16: Samskiptavettvangur barna og sveitarfélagsins - fundir eru haldnir a.m.k. tvisvar sinnum á ári þar sem fulltrúar barna, ungmenna og sveitarfélagsins hittast til þess að ræða málefni sem snerta börn og ungmenni. Þróaðar voru rafrænar samskiptaleiðir þar sem börn geta sent inn spurningar og athugasemdir sem verður svarað opinberlega. Samtal hefur verið skipulagt í skólum með reglulegum heimsóknnum bæjarfulltrúa í skólana. Auk þessa var útbúið skýrt verklag um meðferð ábendinga hjá sveitarfélaginu.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: Akraneskaupstaður á mikið hrós skilið fyrir að bjóða upp á fjölbreyttar þáttökuleiðir fyrir börn og ungmenni. Tryggja þarf að allar þessar ólíku þáttökuleiðir séu kynntar vel fyrir börnunum í sveitarfélaginu og að sérstaklega sé hugað að þáttökuleiðum fyrir viðkvæma hópa barna.

Þekking á réttindum barna

- Aðgerð 5: Réttindafræðsla í skólum og samfélagsverkefni - Unnin voru nokkur verkefni til þess að byggja utan á þá barnaréttindafræðslu sem bundin er í aðalnámskrá. Unnin voru verkefni:
 - Þátttaka er samvinna
 - Draumaskólinn
 - Krakkar með krökkum
 - Þemadagar sem byggðu á dyggðum skólans

- Vinnu- og samráðsfundir nemendaráða grunnskólanna, en út úr þeim komu spjallaraverkefnið (aðgerð 10) sem og reglulegir bekkjarfundir þar sem nemendur ræða málefni sem þeim eru mikilvæg.

Aðgerðin hefur skilað sér í aukinni meðvitund barna um réttindi sín og hlutverk sitt í lýðræðislegu skólasamfélagi.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: Aðgerðin var metnaðarfull og augljóst er að mikið gott starf á sér stað á Akranesi hvað varðar Réttindafræðslu til barna í sveitarfélaginu. UNICEF hvetur sveitarfélagið til þess að skoða markvissa innleiðingu laga um Barnasáttmálann í allt skóla- og frístundastarf í sveitarfélaginu með heildarskólanálgun t.d. í gegn um Réttindaskóla og -frístund UNICEF.

Barnvæn nálgun:

- Aðgerð 3: Útikennslusvæði í Skógrækt - Aðgerðin fólst í því að koma upp sérstæðu útikennslusvæði í Skógræktinni á Akranesi og styðja þannig við fjölbreytt kennsluform og auka möguleika barna til náms og samveru í náttúrulegu umhverfi. Svæðið hefur þegar verið mikið notað og ríkir mikil ánægja með það.
- Aðgerð 11: Stækkun sleðabrekku - Í takt við endurteknar óskir barnanna í sveitarfélaginu var farið í að stækka sleðabrekku til þess að styðja við útiveru, leik og samveru yfir vetrartímann. Börn hafa tekið brekkuna í notkun og nýtt sér aðstöðuna með mikilli ánægju. Aðgerðin styður við almenn lýðheilsuþróun og rétt barna til leiks, hvíldar og þátttöku.
- Aðgerð 13: skipan tengiliðs á fjármálasviði fyrir verkefni tengd Barnvænu sveitarfélagi - Markmið aðgerðarinnar var að tryggja skýra ábyrgð og eftirfylgni með fjárhagslegri þátttöku sveitarfélagsins í verkefnum sem miða að því að efla réttindi barna og samræma fjármögnun við þau markmið sem sett hafa verið í barnvænni stefnumótun sveitarfélagsins. Starfsmenn upplifa meiri yfirsýn yfir fjármögnun barnatengdra verkefna og aukið samræmi innan stjórnarsýslunnar.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF fagnar því frumkvæði sem Akraneskaupstaður hefur sýnt við tengingu Barnvæns sveitarfélags við fjármálasvið sveitarfélagsins og hvetur til þess að sú tenging verði styrkt enn

frekar. Með aukinni áherslu á fjármálagreiningu eykst enn frekar skilningur á því hvaða hópa barna sveitarfélagið styður við með ráðstöfun fjármagns og hvort einhverjir hópar barna séu að falla á milli skips og bryggju.

- Aðgerð 14: Bæjarhátíðir í Barnvænu sveitarfélagi - Markmið aðgerðarinnar var að gera bæjarhátíðina Írska daga á Akranesi barnvænni og fjölskyldumiðaðri. Góð greining á hátíðinni og úrbótarþörfum var framkvæmd og unnið var að því að gera hátíðina enn barnvænni í víðtæku samráði, m.a. við ungmennaráð Akraneskaupstaðar.
- Aðgerð 17: Yfirfara stefnur og áætlanir Akraneskaupstaðar m.t.t. réttinda barna - Markmið aðgerðarinnar var að yfirfara allar stefnur og áætlanir Akraneskaupstaðar með það að markmiðið að þær taki mið af réttindum barna auk þess að tryggja sýnileika Barnasáttmálans í öllum stefnumótandi skjölum sveitarfélagsins.

Það sem er barninu fyrir bestu

- Aðgerð 4: Fræðsla um barnaverndar- og farsældarþjónustu - Markmið aðgerðarinnar var að tryggja markvissa og reglulega fræðslu um barnavernd og farsældarþjónustu fyrir allt starfsfólk sem starfar með börnum hjá Akraneskaupstað. Verkefnið er í sífelldri framkvæmd og hefur tekist vel til við að skapa traustan grunn fyrir reglubundna fræðslu.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF á Íslandi fagnar aðgerðinni og hvetur sveitarfélagið jafnframt til þess að tryggja reglufestu í áframhaldandi framkvæmd hennar. Stuðlaþarf að endurmenntun eigi sér stað sem og að nýtt starfsfólk fái fræðslu. Þá þarf einnig að sjá til þess að fræðslan sé reglulega endurskoðuð og innihald hennar uppfært ef þurfa þykir.

- Aðgerð 6: Forvarnaáætlun fyrir börn og ungmenni á Akranesi - Forvarnaáætlun var búin til með áherslu á að samræma hana markmiðum Barnvæns sveitarfélags og Heilsueflandi samfélags sem og að tryggja samræmi við heildarstefnu Akraneskaupstaðar og Menntastefnu sveitarfélagsins. Leiðarljós stefnunnar var því áhersla á lýðheilsu.

- Aðgerð 7: Forvarnarverkefni fyrir foreldra barna í leik- og grunnskólum - Tengjumst í leik (e. Invest in Play) er námskeið sem innleitt var á Akranesi fyrir foreldra og forráðamenn barna á Akranesi þar sem áhersla er lögð á jákvæð samskipti og samveru foreldra og barna í gegn um leik. Markmið námskeiðanna er að valdefla foreldra í uppeldishlutverki sínu og efla um leið þjónustu við börn og foreldra. Akraneskaupstaður er fyrsta sveitarfélagið til þess að bjóða foreldrum upp á námskeiðið án endurgjalds. Strax má sjá jákvæð áhrif á foreldrastreitu og aðra verndandi þætti.
- Aðgerð 8: Farsælt foreldrasamstarf og forvarnarfræðsla fyrir foreldra barna og ungmenna á Akranesi - Lagt er upp með að byggja upp sterk og góð samskipti í hverjum árgangi grunnskólanna og efla foreldra til þátttöku í skóla- og frístundastarfi. Til dæmis hefur foreldrarölt verið endurvakið með góðum árangri ásamt því að markvisst sé leitað eftir samstarfi við stjórnir foreldrafélaga skólanna í sveitarfélaginu.

Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna

- Aðgerð 1: Farsælt frístundastarf fyrir öll börn - Aðgerðin var hluti af heildstæðri sýn Akraneskaupstaðar á inngildandi þjónustu og var markmið hennar að stuðla að aukinni félagslegri virkni, þátttöku og aukinni samfelli í þjónustu barna með stuðningsþarfir. Framkvæmd verkefnisins gekk afar vel og eru skýr merki um að biðlistar eftir stuðningsþjónustu hafi styst verulega ásamt því að íþróttafélög, tómstundaaðilar og foreldrar eru ánægð með verkefnið. Þá hafa börnin sjálf sem tekið hafa þátt í verkefninu haldið áfram þátttöku í sínu vali af frístundastarfi án þess að félagslegar eða líklegar hindranir komi í veg fyrir þátttöku þeirra.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF á Íslandi fagnar þeirri áherslu sem Akraneskaupstaður hefur lagt á réttindi viðkvæmra hópa barna og hvetur sveitarfélagið til þess að halda áfram á þeirri braut. Í úttektarviðtölum kom fram mikill áhugi starfmanna á því að styrkja enn frekar þátttöku fatlaðra barna og finna leiðir til þess að tryggja að öll þeirra réttindi verði að veruleika. Það styður UNICEF á Íslandi heilshugar.

- Aðgerð 2: Bæklingur um íþrótt- og tómstundastarf barna og ungmenna - Aðgerðin stuðlaði að því að auka aðgengi barna af erlendum uppruna að íþrótt- og tómstundastarfi á Akranesi. Út voru gefnir bæklingar á sex tungumálum sem

veittu yfirlit yfir allt frístundastarf sem í boði er á svæðinu. Vel tókst til við að upplýsa fjölskyldur barna af erlendum uppruna og virkja börn þeirra til þátttöku í íþróttá- og tómstundastarfi.

- Aðgerð 9: Leiktæki fyrir fötluð börn - Markmið aðgerðarinnar var að bæta aðgengi fatlaðar barna að útisvæðum og leiktækjum í leik- og grunnskólum Akraneskaupstaðar. Með því aukast tækifæri allra barna, óháð hreyfifærni, að taka þátt í leik og hreyfingu með jafnöldrum sínum á jafningjagrundvelli.
- Aðgerð 10: Spjallaraverkefnið - Markmið verkefnisins var að tryggja að öll börn hafi aðgang að einhverjum sér eldri að tala við. Þá spjalla eldri nemendur við yngri börn og tengjast þeim á jafningjagrundvelli. Verkefnið hófst að frumkvæði nemendaráðs Brekkubæjarskóla þegar sex nemendur úr 8. og 9. bekk tóku að sér að heimsækja 1. - 4. bekk tvisvar sinnum yfir önnina þar sem farið var í leiki og spjall við yngri börnin. Nemendur hafa því verið virkir þátttakendur í mótun og framkvæmd verkefnisins frá upphafi. Reynslan af verkefninu hefur verið jákvæð fyrir bæði þá sem eldri og yngri eru.

Niðurstöður viðtala vegna úttektar

Mikil vinna hefur verið lögð í innleiðingu laga um Barnasáttmálann á Akranesi. Það var því afar ánægjulegt að eiga samtöl við fjölda starfsmanna, kjörinna fulltrúa og ungmenna í sveitarfélaginu með það að markmiði að meta innleiðingu Barnvæns sveitarfélags með heildstæðum hætti. Vel hefur verið staðið að utanumhaldi innleiðingarinnar og var það augljóst af samtölum við starfsfólk. Nú þegar haldið er af stað í næsta innleiðingarhring er mikilvægt að verkefninu verði áfram tryggð skýr og góð umgjörð og að tryggt sé það nauðsynlega rými sem þarf til að sinna verkefninu jafn vel og tekist hefur til þessa. Það má draga mikinn lærdóm af vinnu síðastliðinna ára sem gagnast þegar haldið er áfram í næsta innleiðingarhring. Því er hér dregið saman hvað þótti heppnast sérstaklega vel og að hverju má huga enn þá betur.

1. Verkefnastjóri og bæjarstjóri:

„ Með þessu verkefni er verið að valdefla börn. Þau læra að nota leikreglur lýðræðislegrar umræðu til að láta rödd sína heyrast. Það er einmitt þannig sem við eflum lýðræði okkar – með því að kenna og þjálfva börn til þátttöku í opinni umræðu. Með slíkri þjálfun valdeflum við einstaklinga til virkar lýðræðislegrar þátttöku.“

- Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar

Það sem tókst sérstaklega vel:

- Breytingin á Barnaþingi var jákvæð, með henni var röddum barna gert enn hærra undir höfði.
- Góðar breytingar voru gerðar á skipan í ungmennaráð sem hafði jákvæð áhrif og ungmennaráðið blómstrar.
- Vel hefur reynst að mæta ungmennunum á þeirra heimavelli frekar en að kalla þau alltaf inn á fullorðinsmiðaða fundi. „Við viljum taka skrefin til þeirra frekar heldur en að þau komi til okkar.”.
- Upplifunin er sú að virðing fyrir réttindum barna hafi öðlast fastan sess í menningu Akraneskaupstaðar.
- Meðvitund um ungmennaráð og mikilvægi þess að senda mál til umsagnar til ráðsins hefur aukist.
- Upplifunin sú að þátttaka barna í frístundastarfi hafi aukist.

Góð ráð sem komu fram og tilmæli UNICEF á Íslandi:

- Stjórnsýslumál vöktu mismikinn áhuga ungmenna og upplifun starfsmannana var að ungmennunum þætti oft á tíðum erfitt að mynda og tjá skoðun sína á þeim málum. Þá var ákveðið að íþyngja ungmennunum ekki um of með þátttöku þeirra á fundum sem fjölluðu um slík mál. UNICEF minnir á mikilvægi þess að leyfa ungmennunum sjálfum að meta hvort þau vilja vera viðstödd slíka fundi en fagnar um leið virðingu fyrir valkvæðri þátttöku barna og að þau séu ekki þvinguð til þess að sitja fundi sem þau hafa ekki áhuga á að sitja.
- Mikilvægt að það séu tveir starfsmenn sem halda utan um verkefnið í sameiningu. Verkefninu fylgir þó nokkur skrifinnaska sem er gott að geta deilt með sér. Eins er mikilvægt að geta speglað ákvarðanir og hugmyndir.
- Umsjónarmenn verkefnisins upplifðu á tímabili að stýrihópurinn væri of stór og þótti jákvætt að skipta verkum og vinna í meiri verkefnahópum þegar leið á verkefnið. Þá minnir UNICEF á mikilvægi þess að tenging sé við öll svið sveitarfélagsins í gegnum stýrihóp sem og að í honum séu kjörnir fulltrúar frá bæði meirihluta og minnihluta í bæjarstjórn þar sem það tryggir málum greiðari leið í gegnum stjórnsýsluna.
- Áhugi er hjá sveitarfélaginu á að virkja börn til þátttöku í almennum íbúafundum sveitarfélagsins.
- Mikilvægt að tryggja að við heyrum raddir sem flestra barna svo það sé ekki eingöngu lítill hópur ungmenna sem hafa tækifæri til að tjá sig.

- Tækifæri til þess að tryggja að börn séu þátttakendur í að tala um allskonar mál með fullorðna fólkinu. Ekki bara tala við fullorðna fólkið heldur með því og taka þannig virkari þátt í samtalinu.
- Það er mikilvægt að vera dugleg að staldra við og fagna litlu sigrunum og lyfta upp því frábæra starfi sem verið er að vinna.

2. Starfsfólk og kjörnir fulltrúar

„Við hættum aldrei að læra. Um leið og við erum búin að koma þessu inn í æðakerfið, þá förum við að sjá aðra hluti. Við vöxum og þroskumst.“

-Starfsmaður Akraneskaupstaðar

Það sem tókst sérstaklega vel:

- Barnvænt sveitarfélag og réttindi barna eru reglulega til umfjöllunar hjá öllum stjórnendum.
- Vitund ríkir um að þetta er verkefni sem er aldrei búið og verður að kvíslast inn í alla þætti starfseminni.
- Fræðsla hefur gengið vel og starfsfólk upplifir sig meðvitað um réttindi barna.
- Það hefur gengið sérlega vel að innleiða lög um Barnasáttmálann samhliða lögum um samþættingu þjónustu.
- Barnasáttmálinn og Barnvænt sveitarfélag hefur öðlast fastan sess innan sveitarfélagsins, a.m.k. á þeim sviðum sem starfa beint með málefni barna. Lengi má gott bæta og það má enn bæta í á öðrum sviðum.
- Mikil ánægja ríkir á meðal starfsmanna og kjörinna fulltrúa með Barnaþing sem haldin hafa verið á Akranesi.
- Bæjarstjórnarfundur unga fólksins styður við þátttöku barna innan sveitarfélagsins og tryggir að áherslur þeirra séu teknar til umfjöllunar í viðeigandi nefndum og ráðum.
- Mjög vel tókst til við að kynna verkefnið innan sveitarfélagsins og börn virðast upplýst um verkefnið.
- Tekist hefur vel til að vísa í Barnasáttmálann, og sveitarfélagið vinnur í anda hans í stefnumótandi vinnu sem hjálpar til að festa hann og sjónarmið hans í sessi.
- Umsjónarmenn verkefnisins hafa haldið sérstaklega vel utan um verkefnið og vel hefur reynst að vera með tvo umsjónarmenn í stað þess að hafa eingöngu einn.

- Mikill áhugi er á verkefninu, sérstaklega í frístunda og leikskólastarfi bæjarins og þar er jafnvel áhugi á því að taka þátt í Réttindaskóla- og frístund UNICEF. Starfsfólk leitarkvísst að verkfærum til þess að styrkja lýðræðisvinnu með börnum.
- Mikill áhugi hjá kjörnum fulltrúum að taka upp barnvænt hagsmunamat til þess að meta áhrif ákvarðana á börn.

Góð ráð frá starfsfólki og kjörnum fulltrúum:

- Verið er að gera margt fyrir börn, en það er áskorun að koma ungmennum inn í þau ferli og tryggja að hugmyndir þeirra raungerist.
- Mikilvægt að verkefni séu fjármögnuð og geta fylgst með kostnaðinum og framgangi verkefni.
- Það þarf að nýta réttindatungumálið sem starfsfólk sveitarfélagsins á núna sameiginlega til þess að ræða málefni barna í ljósi réttinda þeirra.
- Það er mikilvægt að koma réttindum barna að sem eðlilegum fasa á öllum sviðum.
- Áhugi er hjá starfsfólki á að vinna meira með þátttöku barna í skipulagsmálum.
- Þegar nýir kjörnir fulltrúar koma inn í stýrihóp þarf að tryggja að þeir fái góða kynningu á sínu hlutverki í hópnum til þess að hægt sé að nýta þá sem best.
- Upplýsingagjöf mætti vera skýrari og aðgengilegri upplýsingar um Barnvænt sveitarfélag fyrir bæjarfulltrúa og aðra.
- Tryggja þarf að stjórnendur séu með, allt frá bæjarstjóra yfir í sviðsstjóra og pólitíska leiðtoga því þeim fylgir mikill slagkraftur inn í verkefnið.
- Það er mikilvægt að hafa skýra tímalínu sem er vel kynnt stjórnendum, starfsfólki og pólitíkinni til þess að allir séu með og að erfiðara verði fyrir fólk að leggja verkefnið til hliðar til þess að sinna öðrum verkefnum sem metin eru mikilvægari.
- Eftirfylgni til barna má bæta.. Það eru tækifæri í því að nýta nýjan upplýsinga- og samfélagsmiðlafulltrúa til þess að miðla betur til barnanna í sveitarfélaginu hvernig þau eru að hafa raunverulega áhrif á starfsemi sveitarfélagsins.
- Enn má gera betur í því að senda mál til ungmennaráðs til umsagnar og passa að það sé gert nægilega snemma í ferlinu svo þátttaka þeirra sé virkilega merkingarbær.
- Lokaspretturinn í verkefninu var mjög mikil vinna fyrir starfsfólk og þarf að hafa það í huga í framhaldi hvernig hægt sé að dreifa álaginu.
- Gæta þarf sérstaklega að því að ekki verði niðursveifla í innleiðingunni núna þegar viðurkenning er komin. Það þarf að vera skipulag á því hvernig verkefninu verður haldið áfram innan sveitarfélagsins til þess að tryggja að það falli ekki niður.

- Sveitarfélagið mætti vera ennþá duglegra að segja frá öllu því flotta starfi sem það vinnur í þágu réttinda barna út á við.

3. Ungmennaráð og starfsmaður ungmennaráðs

*„Við erum stoltust af okkur.“ – meðlimir ungmennaráðs
Akraneskaupstaðar*

Það sem tókst sérstaklega vel:

- Breytingar á skipan í ungmennaráð tryggja að börnin sem taka þátt hafi raunverulegan áhuga á að vera þar.
- Skipulag barnaþings og þátttaka barna og ungmenna í því.

Góð ráð frá ungmennaráði:

- Það þarf að tryggja að þátttaka barna sé ekki háð vilja starfsmanna til þess að tryggja hana. Verkferlar þurfa að vera þannig byggðir upp að þátttaka barna sé nauðsynlegur hluti af ákvörðunartökuferli.
- Væri spennandi að skoða hvernig er hægt að nýta skólana til þess að auka þátttöku barna og jafnvel virkja öll bekkjarteymi til þess að sinna ákveðnum þáttum af Barnaþingsverkefninu.
- Möguleiki á að bjóða börnum upp á fjölbreyttara val með því að sameina valkennslu grunnskólanna.

Athugasemdir UNICEF á Íslandi – Samantekt

UNICEF á Íslandi veitir Akraneskaupstað viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag og óskar starfsfólki, kjörnum fulltrúum, ungmennaráði og öllum íbúum Akraness til hamingju með áfangann. Lengi má gott bæta og er því mikilvægt að tryggja innleiðingu laga um Barnasáttmálann rými í starfsemi sveitarfélagsins um ókomna tíð. Því undirstrikar UNICEF eftirfarandi athugasemdir:

- UNICEF leggur áherslu á það að áfram verði tryggt að tveir starfsmenn séu með það í sinni starfslýsingu að sinna verkefninu. Fyrsti hringur innleiðingarinnar er vissulega þyngstur en vinnan sem kemur í framhaldinu mun einnig krefjast starfskrafts og það hefur komið skýrt fram í málflutningi starfsmanna og umsjónarmanna verkefnisins hve jákvætt það er að hafa fleiri ein einn umsjónarmann.
- UNICEF hvetur Akraneskaupstað til þess að skoða þátttöku í verkefninu Réttindaskóli- og frístund UNICEF í takt við áhuga starfsfólks í frístunda- og leikskólastarfi bæjarins.
- UNICEF hvetur sveitarfélagið til þess að íhuga innleiðingu barnvæns hagsmunamats í ákvörðunartöku sveitarfélagsins til þess að tryggja að ákvarðanir sem kunnu að hafa áhrif á börn séu metnar út frá réttindum barna. Það tryggir upplýstari ákvörðunartöku og aukið gegnsæi innan sveitarfélagsins.
- UNICEF hvetur Akraneskaupstað til þess að hefja samtal við ungmennaráð sveitarfélagsins um skipan áheyrnafulltrúa í nefndir og ráð sveitarfélagsins til þess að tryggja jafnara upplýsingaflæði til ungmennaráðs.
- UNICEF mælist til þess að enn frekar verði hugað að eftirfylgni þegar að þátttöku barna kemur, sé það hjá ungmennaráði, í tengslum við barnaþing eða í öðrum tilfellum.
- UNICEF fagnar áherslu Akraneskaupstaðar á viðkvæma hópa barna m.a. í aðgerðaáætlun sveitarfélagsins en hvetur sveitarfélagið um leið til þess að huga að því að styrkja þátttöku þessara barna og tryggja þar með að þau fái tækifæri til þess að setja mark sit á starfsemi sveitarfélagsins.

Við hjá UNICEF á Íslandi viljum enn og aftur óska ykkur til hamingju með frábæran árangur og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.